

Alda Syndanna

Sólstafir

Kaldur súgur kallar
Kaldur súgur kælir blóðsins straum
Losar fýsnina úr læðingi
Og sálin kveður lífsins langa draum
Kaldur súgur kallar
Kaldur súgur kelur hinstu von
Kaldur súgur kallar
Kaldur súgur ristir mig á hol
Kaldur súgur kallar
Kaldur súgur faðmar að sér vor
Kaldur súgur kallar
Kaldur súgur kveður lífsins gaum
Manstu áður fyrr
Sigldum ólgusjó
Brælan sverti kinn
Gripum það sem var
Sælan okkur bar
Alda sækir strönd
Ég skal tryggja góðar stundir
Ég skal tryggja góðar stundir kærri mín
Komdu nú í skuggann
Og gleði skal þig ei skorta í hvert sinn
Öll þessi birta hún þurrkar
Öll þessi birta þurrkar brunninn þinn... vinur minn
Reyndi ekki að streitast á móti
Seglin niður fylgdu straumi
Þráin þín virðist vera tamin